LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTAÐIR

# then

...part 4

## remembered structures

18.01. – 02.03. 2003

## then ...hluti 4 - minni forma

*then ...hluti 4,* er samsýning þar sem hugmyndir um staðbindingu, staðfærslu og staðleysu eru kannaðar. Þessi form eru ýmist til í endurminningunni, ímynduð eða í raunveruleikanum. Þau byggja á menningu nútímans. Slíkar hugmyndir og fyrirmyndir eru ofnar inn í frásagnir sem fjalla um tilfinningalegt og sálrænt ástand eða rými staðar. Þó staðurinn sé rómantískur eða útópískur, leikur grunur á að ekki sé allt sem sýnist. *then ...hluti 4* er fyrsta sýning then á Íslandi en hópurinn hyggur á samsýningar víða um Evrópu á næstunni.
*then* er alþjóðlegur hópur listamanna sem hefur miðstöð í Lundúnum en markmið hans er að sýna, gefa út og ræða málefni sem tengjast nútímalist og lífi.

## then ...part 4 - remembered structures

*then ...part 4,* is a group exhibition that explores notions of place, displacement or non-place. These models, whether real, remembered; or imagined are theoretical constructs that concern contemporary culture. Such ideas and ideals are constructed into narratives, as seen in these paintings and sculptures, that reflect on the emotive and psychological state (space) amid a place. Be it romantic or utopian, there is a suggestion that something is awry.
*then ...part 4* is the first exhibition in Iceland, forming part of a series of touring European shows. *then* is a London-based organisation of international artists, whose aim is to exhibit, publish and discuss matters concerning contemporary art and life.

## Birgir Snæbjörn Birgisson

Sýnir myndir af ljóshærðum og bláeygðum hjúkrunarfræðingum sem vekja með áhorfendum öryggiskennd og vellíðan en kveikja jafnframt efasemdir um heim umönnunar, valds og tilraunir fólks til að fela hið holdlega, unað og sársauka með bómullarkenndri breiðu hreinleika.

In his paintings of blue-eyed and blond nurses creates feelings of well-being and safety in the viewer but undermines them with questions about the world of care, power and the human tendency to hide the corporeal, joy and pain with symbols of purity.



*Úr seríunni "Ljóshærðir hjúkrunarfræðingar"*
*From the series "Blond nurses"*

## Miles Henderson Smith



*Pappaborg / Cardboard city*

Hugleiðir staði, hvernig þeir eru byggðir og hvernig þeirra er minnst. Pappaborg hans sýnir ímyndað rými sem er skapað úr hlutum allra þeirra borga sem hann hefur heimsótt. Málverk hans og módel sýna andlitslausa ferðamannastaði sem eru allir eins.

Considers the structure of place and space - such as the idea of place constructed/remembered. His cardboard city presents an imagined space constructed from aspects of all the cities he has visited. Alongside his paintings, these represent the generic faceless places of travel.

## Andrew Child

Býr til verk sem endurspegla fyrirmyndarríki og vekja upp spurningar um hvað það er sem skapi svo fullkomna staði. Andrúmsloftið er þægilegt en samt má finna fjarveru sem skapar um leið þrá eftir slíkum hvildarstöðum og óþægindi vegna þess að þeir eru ekki til.

Creates pieces which reflect on utopias and ask what makes such places perfect. The atmosphere is pleasant, yet there is clear dislocation – absence that simultaneously creates desire for such idylls whilst feeling discomfort at its impossibility.



*Landslag II / Landscape II*



*Horft um öxl / Looking back*

## Gísli Bergmann

Sýnir málverk sem fjalla um skynjun:
þau sýna minningarbrot frá fundum nafnlausra skuggamynda sem eru staðsettar í íslensku landslagi æsku hans.

Shows paintings about perception: they depict glimpsed memories from encounters between anonymous silhouetted figures situated in the Icelandic landscape of his childhood.

## Tom Merry

Mótar höfuð sem tákna mikinn áhuga hans á borgarmúgnum og sýna andlitslausa íbúa í fjandsamlegu umhverfi nútímans. Þeir eru nafnlausir og setja upp grímur mögulegs óöryggis og firringar.

Makes sculpted heads which are born out of his fascination with anonymous city crowds. They portray the faceless inhabitants of contemporary dystopias. Whilst remaining anonymous, they mask a potential for insecurity and alienation.



*Bleikt höfuð / Pink head*

## Stefan Bottenberg



*Belgískar villur / Belgian Villas*

Endurskapar með óvenjulegum ullarútsaumi í krossvið, minningar sínar úr æsku um byggingar í borgarúthverfum Belgíu. Fyrirmyndarhús hans sýna tómið í hjarta fyrirmyndarborgarinnar.

Relives his childhood memories in which suburban architecture of his native Belgium form the subject for his unusual wool and plywood embroideries. His ideal villas lay bare the hollowness of the suburban ideal.

## Kjarvalsstaðir

**Flókagötu - 105 Reykjavík**

Sími/Tel: (354) 552 6131 Fax: (354) 562 6191
Opið daglega / *Open daily* 10-17
**Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / Guided tours Sunday 15.00**

**Sunnudaginn 19. janúar kl. 15.00**
**Listamannaspjall**

Meðlimir *then* hópsins segja frá verkum sínum á sýningunni *then ...hluti 4 – minni forma* og ræða við gesti. Birgir Snæbjörn Birgisson mun leiða spjallið.

**Þriðjudaginn 11. febrúar kl. 20.00**
**Málþing og pallborðsumræður á Kjarvalsstöðum**
**Hvert liggur straumurinn?**

Hvernig er myndlistin á nýrri öld? Er eitthvað hæft í staðhæfingum um að hefðbundnir miðlar eigi aukins fylgis að fagna meðal ungra listamanna? Er kannski um að ræða víðtækari tilhneigingu í samfélaginu til að hverfa aftur til hluta sem hægt er að handleika? Framsöguerindi flytja: Birgir Snæbjörn Birgisson, Hlynur Hallson og Ragna Sigurðardóttir.

## Hafnarhús

**Tryggvagötu 17 - 101 Reykjavík**

Sími/Tel: 590 1200 Fax: 590 1201
Opið daglega / *Open daily* 10-17
**Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / Guided tours Sunday 15.00**

**Mánudaginn 20. janúar kl. 20.00**
**Fyrirlestur í Hafnarhúsi**
**The Place of the Work of Art**

Jonathan Dronsfield heimspekingur og forstöðumaður listrannsóknadeildar Háskólans í Southampton heldur fyrirlestur sem hann nefnir "The Place of the Work of Art". Fyrirlesturinn er í tengslum við sýninguna *then ...hluti 4 – minni forma* en Jonathan er hingað kominn vegna sýningarinnar og skrifar m.a. grein í sýningarskrána.

**Monday January 20th at 8pm.**
**A Lecture at Reykjavik Art Museum, Hafnarhús**
**The Place of the Work of Art**

Jonathan Dronsfield, Director of the Centre for Contemporary Art Research (CCAR) at the University of Southampton, will give a lecture called "The Place of the Work of Art". The lecture is in connection with the exhibition *then ...part 4 – remembered structures.*

## Ásmundarsafn

**Sigtúni - 105 Reykjavík**

Sími/Tel: (354) 553 2155 Fax: (354) 590 1201
Opið daglega 13-16 / *Open daily* 13-16

**Laugardaginn 18. janúar**
**verður leiðsögn um Ásmundarsafn og listamannsspjall Tuma Magnússonar í Kúlunni kl.15**

Sýning Tuma, sem opnar 16. janúar, er sú fyrsta í þriggja sýninga röð í Kúlunni. Aðrir sýnendur eru Finnbogi Pétursson en sýning hans stendur frá 27. febrúar til 30. mars og Eygló Harðardóttir sem sýnir frá 10. apríl til 11. maí. Tilgangur sýninganna er að kanna möguleika Kúlunnar sem sýningarýmis og verk Tuma, Finnboga og Eyglóar eru unnin sérstaklega með hana í huga.

**Sunnudaginn 9. febrúar**
**verður óformlegt spjall um samspil myndlistar og arkitektúrs í verkum Ásmundar Sveinssonar**

Pétur H. Ármannsson arkitekt mun leiða spjallið sem hefst kl.15.

**ATH! Samhliða sýningunni then ...hluti 4 verður opnuð sýningin „then ...hluti 5 – nýleg kynni" í Listasafni ASÍ, Ásmundarsal, Freyjugötu 41, Reykjavík og stendur hún frá 1. til 16. febrúar 2003.**

***NB! Also showing: "then ...part 5 – recent encounters" during the period February 1th to 16th, 2003 at ASÍ Art Museum, Freyjugata 41, 101 Reykjavík.***

Íslandssími